

ENDURRIT ÚR FUNDARGERÐABÓK BÆJARSTJÓRNAR ÁRBORGAR

53. fundur bæjarstjórnar Árborgar, kjörtímabilið 2010-2014, haldinn miðvikudaginn 30. apríl 2014 kl. 17:00 í Ráðhúsi Árborgar, Selfossi.

Neðanskráðir bæjarfulltrúar eru mættir:

Ari Björn Thorarensen, D-lista, forseti bæjarstjórnar,
Eypór Arnalds, D-lista,
Sandra Dís Hafþórsdóttir, D-lista,
Gunnar Egilsson, D-lista,
Kjartan Björnsson, D-lista,
Helgi Sigurður Haraldsson, B-lista,
Eggert Valur Guðmundsson, S-lista,
Arna Ír Gunnarsdóttir, S-lista,
Þórdís Eygló Sigurðardóttir, V-lista

Auk þess situr fundinn Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri, og Rósa Sif Jónsdóttir sem ritar fundargerð.

Forseti bæjarstjórnar setti fundinn og leitaði afbrigða að taka á dagskrá kosningu formanns í hverfisráð Stokkseyrar. Var það borið undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Dagskrá:

I. Fundargerðir til staðfestingar

1. a) 1401093
Fundargerð framkvæmda- og veitustjórnar 74. fundur frá 9. apríl
<http://www.arborg.is/74-fundur-framkvaemda-og-veitustjornar/>
- b) 1401095
Fundargerð íþróttá- og menningarnefndar 17. fundur frá 9. apríl
<http://www.arborg.is/wp-content/uploads/2014/04/17-fundur-ithrotta-tomstundan.pdf>
- c) 1401065
Fundargerð fræðslunefndar 43. fundur frá 10. apríl
<http://www.arborg.is/43-fundur-fraedslunefndar/>
- d) 179. fundur bæjarráðs (1401016) frá 16. apríl
<http://www.arborg.is/179-fundur-baejarrads-2/>

- liður 1 b) Gunnar Egilsson, D-lista, tók til máls um fundargerð íþróttá- og menningarnefndar frá 9. apríl, lið 1, málsnr. 1401075 – Vor í Árborg

Kjartan Björnsson, D-lista, og Eggert Valur Guðmundsson, S-lista, tóku til máls.

- liður 1 c) Eyþór Arnalds, D-lista, tók til máls um fundargerð fræðslunefndar frá 10. apríl, lið 3, málsnr. 1401008 –PISA 2012

Arna Ír Gunnarsdóttir, S-lista, tók til máls.

Fundargerðirnar voru bornar undir atkvæði og samþykktar samhljóða.

II. 1403316

Fyrirhuguð skoðanakönnun um sameiningu sveitarfélaga

Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri, Kjartan Björnsson, D-lista, Ari Björn Thorarensen, D-lista, og Arna Ír Gunnarsdóttir, S-lista, tóku til máls.

Lagt er til að samþykkja seðilinn eins og hann liggur fyrir.

Tillagan var borgin undir atkvæði og samþykkt með 8 atkvæðum, Kjartan Björnsson, D-lista, sat hjá .

III. 1205364

Miðbæjarskipulag Selfoss

Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri, tók til máls og lagði fram eftirfarandi bókun:

„Á fundi bæjarráðs þann 1. ágúst sl. var tillaga að deiliskipulagi Miðbæjar Selfoss tekin til afgreiðslu. Á þeim fundi var tillagan samþykkt með þeirri breytingu að á byggingarreit norðan Hafnarhúss yrði aðeins byggt eitt hús. Þá var bókað að gerð yrði breyting á greinargerð deiliskipulagsins að teknu tilliti til þessa.

Þá var framkomnum athugasemdum svarað annars vegar frá Guðmundi Kristinssyni og hins vegar Berglindi Þorsteinsdóttur og Bjartmari Frey Jóhannessyni.

Við frágang málsins og áður en það var sent Skipulagsstofnun voru lögð fram gögn sem sýndu fram á að skipulagið náði að hluta inn á lóð Berglindar Þorsteinsdóttur og Bjartmars Freys Jóhannessonar að Hafnartúni. Fundað var með þeim um málið og komist að samkomulagi. Gerðar verða breytingar á lóðarmörkum lóðar þeirra þar sem sveitarfélagið eignast þann hluta af lóð þeirra sem skipulagið náði yfir.

Af þessum sökum er málið nú tekið fyrir af bæjarstjórn og gerðar breytingar á fyrri svörum við framkomnum athugasemdum Berglindar og Bjartmars.

Athugasemdir Bjartmars Freys Jóhannessonar og Berglindar Þorsteinsdóttur.

- 1) *Athugasemd um að ekki hafi verið haft samband við eigendur Hafnartúns í skipulagsferlinu.*

Eftirfarandi var bókað á fundi bæjarráðs þann 1. ágúst sl.:

Svar: Sveitarfélagið Árborg bendir á að tillagan var auglýst þann 23. maí sl. líkt og lög gera ráð fyrir. Þar var öllum gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Eigendur Hafnartúns skiluðu inn sínum athugasemdum með bréfi dagsettu 4. júlí sl.

Þessu til viðbótar bókar bæjarstjórn nú:

Svar: Eftir að málið var tekið fyrir í bæjarráði þann 1. ágúst sl. var fundað með eigendum Hafnartúns. Komist var að samkomulagi við þá og gera þeir ekki lengur athugasemdir við skipulagið.

- 2) *Athugasemd um stærð lóðarinnar við Hafnartún.*

Eftirfarandi var bókað á fundi bæjarráðs þann 1. ágúst sl.:

Svar: Í athugasemdum eigenda Hafnartúns er fullyrt að lóðin sé 1750 m². Sveitarfélagið Árborg bendir á að skv. opinberum skrá og gildandi lóðaruppdráttum er lóðin 1.072,6 m².

Engin óvissa er því um stærð og afmörkun umræddrar lóðar. Umrædd lóð er að öllu leyti utan þess svæðis sem umrætt skipulag nær til.

Þessu til viðbótar bókar bæjarstjórn nú:

Svar: Við nánari athugun kom í ljós að hluti af lóðinni Hafnartúni var skipulagður sem bílastæði. Fundað hefur verið með eigendum Hafnartúns og komist að samkomulagi. Eigendur Hafnartúns hafa samþykkt ný lóðarblöð. Unnið er að því að skrá rétta stærð lóðarinnar í samræmi við þau.

- 3) *Athugasemd við að íbúar Hafnartúns fái ekki að búa þar í friði og ró og að ósmekklegt sé að reisa hús sem er bæði allt of hátt og of nálægt. (töluliðir 4-5 í athugasemdum)*

Eftirfarandi var bókað á fundi bæjarráðs þann 1. ágúst sl.:

Svar: Sveitarfélagið Árborg bendir á að á þeim reit sem er norðan við Hafnartún er tiltekið að hámarkshæð bygginga sé 7,8 m frá gólfkvóta aðalhæðar. Slík hæð er ekki í ósamræmi við nálægar byggingar. Þá er nálægðin við þann byggingarreit ekki mikið meiri en þau hús sem eru vestan við Hafnartún. Þá er nálægðin ekki í ósamræmi við nálægð húsa sem tíðkast almennt í hverfinu.

Sveitarfélagið Árborg bendir jafnframt á að gerð er sú breyting á áður auglýstri tillögu að á þeim reit sem stendur næst Hafnarhúsinu og liggur norðan við það verður aðeins byggt eitt hús.

Gerð verður breyting á greinargerð deiliskipulagsins að teknu tilliti til þessa.

Þessu til viðbótar bókar bæjarstjórn nú:

Svar: Eftir að málið var tekið fyrir í bæjarráði þann 1. ágúst sl. var fundað með eigendum Hafnartúns. Komist var að samkomulagi við þá og gera þeir ekki lengur athugasemdir við skipulagið.

- 4) *Athugasemd við að kanna þurfi hvort Hafnartún þoli að sprengt sé eða fleygað verði fyrir niðurgrofnunum bílahúsum í miðbæ Selfoss.*

Eftirfarandi var bókað á fundi bæjarráðs þann 1. ágúst sl.:

Svar: Sveitarfélagið Árborg bendir á að með samþykkt deiliskipulagsins er ekki verið að taka ákvörðun um hönnun, útlit eða framkvæmd fyrirhugaðra bygginga. Bent er á að framkvæmdaraðilar, eigendur og hönnuðir væntanlegra framkvæmda á svæðinu eru bundnir af landslögum. Virða ber rétt íbúa Hafnartúns til friðhelgis, einkalífs og heimilis.

Þessu til viðbótar bókar bæjarstjórn nú:

Svar: Eftir að málið var tekið fyrir í bæjarráði þann 1. ágúst sl. var fundað með eigendum Hafnartúns. Komist var að samkomulagi við þá og gera þeir ekki lengur athugasemdir við skipulagið.

- 5) *Athugasemd við að tillaga að bílskúr sé óásættanleg og að ekki sé við hæfi að ekki sé haft samráð um stærð og staðsetningu.*

Eftirfarandi var bókað á fundi bæjarráðs þann 1. ágúst sl.:

Svar: Sveitarfélagið Árborg áttar sig ekki á við hvað verið er að gera athugasemd. Bent er á að framkomnar athugasemdir eigenda Hafnartúns eru um margt samhljóða fyrri athugasemdum sem sömu aðilar gerður árið 2007 og vörðuðu þáverandi tillögu að deiliskipulagi miðbæjarins.

Bent er á að deiliskipulag það sem nú er til umræðu er talsvert breytt og lítur því sveitarfélagið svo á að umrædd athugasemd taki til fyrra skipulagsins og eigi því ekki við um það skipulag sem nú er samþykkt.

Þessu til viðbótar bókar bæjarstjórn nú:

Svar: Eftir að málið var tekið fyrir í bæjarráði þann 1. ágúst sl. var fundað með eigendum Hafnartúns. Komist var að samkomulagi við þá og gera þeir ekki lengur athugasemdir við skipulagið.

Þá var eigendum Hafnartúns bent á hentugan stað til bílskúrsbyggingar og þeim leiðbeint um þann skipulagsferil sem umsókn um slíka byggingu þarf að fara í. Unnið er að slíkri umsókn.

Athugasemdir Guðmundar Kristinssonar.

Hvað varðar svör bæjarráðs frá 1. ágúst sl. við athugasemdum Guðmundar Kristinssonar eru ekki gerðar breytingar á þeim og þær því staðfestar nú í bærstjórn. Eftirfarandi var bókað þann 1. ágúst sl.

- 1) *Athugasemd um endurbyggingu „Gamla mjólkurbúsins“ og að þar verði komið upp safni um mjólkurbúíð.*

Svar: Sveitarfélagið Árborg bendir á að deiliskipulagið hefur ekki að geyma endanleg ákvæði um útlit húsa heldur leggur aðeins línur með almennum skilmálum í kafla 3 og svo sérstökum skilmálum í kafla 4 fyrir þá húsagerð sem gert er ráð fyrir í deiliskipulaginu.

Þá bendir Sveitarfélagið Árborg jafnframt á að deiliskipulagið felur ekki í sér endanlega ákvörðun um þá starfsemi sem í byggingunum verður. Byggingar innan skipulagsins verða á blönduðu svæði verslunar, þjónustu, stofnana og íbúða.

Helstu áherslur í því deiliskipulagi sem nú er samþykkt er að styrkja bæjaryfirbragð, skapa lífvænlegan miðbæ, skapa skjólgóð og sólrík rými, hafa skala skipulagsins manneskjulegan, sveigjanleika í uppbyggingu og um leið skapa tengingu við Tryggvagarð og bæjargarð.

- 2) *Athugasemd við bogamyndaða blokk sunnan við hringtorgið.*

Svar: Sveitarfélagið Árborg bendir á að fallega hönnuð bygging getur allt eins verið vel til þess fallin að bjóða gesti á Ölfusárbrú velkomna til Selfoss. Tengingin við bæjargarðinn er einnig augljós í skipulaginu. Gert er ráð fyrir því að göngustígur sá sem nú liggur frá bílastæði sunnan Tryggvatorgs og til suðurs í gegnum bæjargarðinn haldi sér að mestu. Gert er ráð fyrir því að göngustígurinn liggja í gegnum þá byggingu sem gert er ráð fyrir við Tryggvatorg og verði með því „bæjarhlið“ inn að „bæjartorginu“ og inn í bæjargarðinn.

- 3) *Athugasemdir við að bílageymsla á einni hæð verði neðanjarðar undir bæjartorginu og að þar verði staðsett spennistöð.*

Svar: Sveitarfélagið Árborg bendir á að umræddir byggingarreitir eru vel utan við skilgreind flóðasvæði skv. gildandi aðalskipulagi.

- 4) *Athugasemd við húsið Ingólf.*

Svar: Sveitarfélagið Árborg bendir á að ákveðið var að varðveita húsið Ingólf. Það hefur þegar verið flutt af svæðinu og það sett niður að Sigtúnum, norðan Austurvegar, þar sem áætlað er að það verði hluti af götumynd eldri bárujárnsklæddra timburhúsa.

Önnur atriði sem framkoma í erindi Guðmundar Kristinssonar teljast ekki til efnislegra athugasemda við skipulagstillöguna.

Sveitarfélagið Árborg vill þakka þann áhuga sem þeir er gerðu athugasemdir hafa sýnt skipulagsvinnunni með framangreindum athugasemdum og vonar að með þessu svari hafi verið gefnar fullnægjandi skýringar vegna framkominna athugasemda, ábendinga, tilmæla og mótmæla.

Skipulags- og byggingarfulltrúa er falið að senda þeim er gerðu athugasemdir svarbréf.“

Helgi S. Haraldsson, B-lista, og Eyþór Arnalds, D-lista, tóku til máls.

Miðbæjarskipulag Selfoss var borið undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

III. 1404288

Ársreikningur 2013 – fyrri umræða

Eyþór Arnalds, D-lista, og Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri, fylgdu ársreikningi úr hlaði og lögðu fram svohljóðandi greinargerð:

Greinargerð með ársreikningi Sveitarfélagsins Árborgar árið 2013

Ársreikningur Sveitarfélagsins Árborgar fyrir árið 2013 er lagður fram til fyrri umræðu í bærarstjórn miðvikudaginn 30.apríl 2014. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum skal fjalla um ársreikninginn á tveimur fundum í sveitarstjórn og verður seinni umræðan í bærarstjórn miðvikudaginn 14.maí 2014.

Inngangur

Rekstrarafkoma af reglulegri starfsemi Sveitarfélagsins Árborgar árið 2013 er sú besta frá upphafi. Hagnaður af rekstri fyrir fjármagnsgjöld og afskriftir (EBITDA) nemur 1.222 millj.kr. sem er 315 millj.kr. betri afkoma en áætlanir gerðu ráð fyrir. Rekstur A-hluta gekk jafnframt vel og var EBITDA 485 millj.kr. sem er 157 millj.kr. hærra en gert var ráð fyrir í áætlun. Fjármagnsgjöld vega hins vegar afar þungt enda var verðbólgan hærri en gert var ráð fyrir. Þrátt fyrir fjármagnsgjöld upp á 460 milljónir nettó og afskriftir upp á 361 milljón króna er engu að síður afgangur upp á 401 milljón króna fyrir skatta sem er 340 milljónum hærra en gert var ráð fyrir í áætlun.

Niðurstaða af reglulegum rekstri, þegar ekki er gert ráð fyrir óreglulegum tekjum af sölu eigna, nemur 277 millj.kr. fyrir skatta og er það mesti afgangur af reglulegri starfsemi sveitarfélagsins frá upphafi þess. Tekjuskattur nemur 14 millj.kr. og dregur það rekstrarniðurstöðu samstæðunnar niður en hún er engu að síður jákvæð um 386 millj.kr. eftir skatta.

Enn og aftur lækkar skuldahlutfall sveitarfélagsins miðað við tekjur þess og er það fjórða árið í röð sem það gerist. Skuldahlutfallið lækkar nú í 130% af samstæðu en það var 206% fyrir fjórum árum. Þegar horft er til rekstrarafgangs, sem nú hefur vaxið verulega, er ljóst að skuldir sveitarfélagsins eru orðnar viðráðanlegar og sveitarfélagið er nú fjárhagslega fært um frekari fjárfestingar. Í stað þess að sveitarfélagið skuldaði 13X EBITDA eða þrettánfaldan rekstrarafgang, er hlutfallið komið niður í 6,5X EBITDA. Ef ekkert væri fjárfest væri hægt að greiða niður allar skuldir sveitarfélagsins á 6 og hálfu ári með rekstrarafganginum. Verður þetta að teljast verulegur rekstrarbati á stuttum tíma. Þetta hefur tekist þrátt fyrir að fjárfest var í lóðum og eignum fyrir verulegar fjárhæðir og í stað þess að selja Selfossveitur var fjárfest í innviðum hitaveitunnar fyrir hálfan milljarð.

Sveitarfélagið seldi eignarhlut sinn í Björgunarmiðstöðinni á Selfossi til Brunavarna Árnassýslu enda eðlilegt að BÁ eigi þetta sérhæfða húsnæði frekar en að leigja það af einu aðildarsveitarfélaganna. Þá var Leigubústöðum Árborgar breytt í sjálfseignarstofnun eins og lög gera ráð fyrir enda er rekstur LÁ orðinn sjálfbær. Allar þessar eignabreytingar skýra eignar- og rekstrarform sveitarfélagsins og bæta þannig aðhald í rekstri. Þá greiddi bæjarsjóður 310 millj.kr. til veitna sinna með skuldajöfnun. Lækkuðu skuldir bæjarsjóðs við veitustofnanir bæjarins sem þessu nemur. Undanfarin þrjú ár hefur verið fjárfest í Selfossveitum vegna hitavatnsöflunar og dreifingar. Fram undan er veruleg fjárfesting í hreinsistöð við Selfoss og fráveitu.

Sveitarfélagið greiddi 1.760 milljónir í afborganir lána og lífeyrisgreiðslur en tók lán fyrir 465 milljónir vegna fjárfestinga. Nettó niðurgreiðsla skulda var því um 1.300 milljónir. Skuldir og skuldbindingar að meðtöldum lífeyrisskuldbindingum nema í árslok 8.396 milljónum króna og hafa lækkað að nafnvirði um 1.030 milljónir króna en á föstu verðlagi um 1.370 milljónir

króna á einu ári. Þessi rekstrar- og skuldastaða gerir sveitarfélaginu kleift að sækja fram á ábyrgan hátt með skynsamlegum fjárfestingum í innviðum og halda áfram að lágmarka álögur á íbúa eins og kostur er.

Rekstur ársins 2013

Samstæðureikningur Sveitarfélagsins Árborgar samanstendur af A-hluta og B-hluta.

Í A-hluta eru :

- Aðalsjóður
- Eignasjóður
- Þjónustustöð
- Fasteignafélag Árborgar

Í B-hluta eru :

- Byggingarsjóður aldraðra
- Fráveita
- Vatnsveita
- Leigubústaðir Árborgar
- Selfossveitur
- Björgunarmiðstöð
- Sandvíkursetur ehf.

Meginreglan er sú að í A-hluta flokkast þær rekstrareiningar sveitarfélagsins sem fjármagnaðar eru að hluta eða öllu leyti með skatttekjum en í B-hluta flokkast þær rekstrareiningar, stofnanir og fyrirtæki sem reknar eru sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar. Rekstrareiningar í B-hluta hafa lagaheimild til að innheimta þjónustugjöld til þess að standa að fullu undir útgjöldum sínum.

Helstu niðurstöður rekstrar eru :

Í þús.kr.	A-hluti			A- og B-hluti		
	2013	Áætlun	Mismunur	2013	Áætlun	Mismunur
Rekstrartekjur	5.051.530	4.960.574	90.956	6.103.397	5.919.334	184.063
Rekstrargjöld	4.565.688	4.632.480	(66.792)	4.881.126	5.012.096	(130.970)
Rekstrarniðurst. fyrir afskriftir	485.842	328.094	157.748	1.222.271	907.238	315.033
Afskriftir	(236.480)	(237.019)	539	(361.197)	(400.838)	39.641
Niðurstaða án fjármagnsliða	249.362	91.075	158.287	861.074	506.400	354.674
Fjármagnsliðir, nettó	(288.065)	(320.555)	32.490	(459.665)	(445.126)	(14.539)
Niðurstaða fyrir reiknaðan tekjuskatt	(38.703)	(229.480)	190.777	401.409	61.274	340.135
Reiknaður tekjuskattur	0	0	0	(14.814)	(18.718)	3.904
Rekstrarniðurstaða	(38.703)	(229.480)	190.777	386.595	42.556	344.039

Rekstrarniðurstaða A- og B- hluta er jákvæð um 386,6 millj.kr. sem er 344 millj.kr. betri niðurstaða en áætlun gerði ráð fyrir.

Heildartekjur eru 6.103 millj.kr. og heildarútgjöld með afskriftum en án fjármagnsliða 5.242 millj.kr. Að öllu samanlögðu nema heildarútgjöld með afskriftum án fjármagnsliða 85,90% af heildartekjum A- og B-hluta ársreiknings.

Fræðslu- og uppeldismál er umfangsmesti málaflokkurinn í rekstri sveitarfélagsins, tekur til sín 2.504 millj.kr. Sveitarfélagið Árborg er stór vinnuveitandi og greiðir 2.893 millj.kr. í laun og launatengd gjöld.

Útsvarstekjur eru 99,3 millj.kr. hærra en áætlun gerir ráð fyrir. Álögð fasteignagjöld eru 143 millj.kr. lægri en áætlun gerir ráð fyrir og má rekja það til innri viðskipta þar sem álögð fasteignagjöld eru færð niður sem nemur álagningu fasteignagjalda á eignir í eigu sveitarfélagsins og lækka því gjöld í viðeigandi málaflokkum með samsvarandi hætti.

Greiðslur frá Jöfnunarsjóði eru 62 millj.kr. yfir áætlun og munar þar mestu um tekjujöfnunarframlag eða 85 millj.kr.

Kostnaður umfram tekjur í málaflokkum aðalsjóðs án fjármagnsliða nemur 4.629 millj.kr. Áætlun gerði ráð fyrir að rekstur málaflokkanna myndi kosta 4.592 millj.kr. Heildarfrávik í rekstri málaflokkanna eru því óhagstæð sem nemur 37 millj.kr.

Jákvæð frávik eru í eftirfarandi málaflokkum : félagsþjónustu, atvinnumálum, sameiginlegum kostnaði og breytingu lífeyrisskuldbindinga. Samtals eru þessir málaflokkar 100 millj.kr. undir áætlun.

Þeir málaflokkar í aðalsjóði sem eru með neikvæð frávik eru eftirfarandi : fræðslu- og uppeldismál, menningarmál, íþróttu- og æskulýðsmál, bruna- og almannavarnir, hreinlætismál, skipulags- og byggingarmál, umferðar- og samgöngumál , umhverfismál og óvenjulegir liðir. Samtals eru þessir málaflokkar 136,8 millj.kr. yfir áætlun. Stærsta frávik er í fræðslu- og uppeldismálum sem er langstærsti málaflokkur sveitarfélagsins.

Jákvæð frávik fjármagnsliða aðalsjóðs eru 31,4 millj.kr.

Afkoma A-hluta stofnana er 28,3 millj.kr. hagstæðari en áætlun gerir ráð fyrir. Afkoma Eignasjóðs er lakari en áætlun sem nemur 21,4 millj.kr. Afkoma Þjónustustöðvar er 30,5 millj.kr. hagstæðari en áætlun og afkoma Fasteignafélags Árborgar er 19,2 millj.kr. hagstæðari en áætlun.

Frávik B-hluta félaga eru hagstæð um 153,3 millj.kr. Frávik í Byggingarsjóði aldraðra eru óhagstæð um 2,7 millj.kr. Leigubústaðir Árborgar ehf. skila betri afkomu en áætlun gerði ráð fyrir sem nemur 122,4 millj.kr. Fráveita er með óhagstæð frávik upp á 10,3 millj.kr. Frávik Vatnsveitu eru hagstæð sem nemur 60 millj.kr. Selfossveitur sýna lakari afkomu en áætlun sem nemur 2,5 millj.kr. Sandvíkursetur ehf. er með óhagstæð frávik upp á 13,6 millj.kr.

Gerð var breyting á félagaformi Leigubústaða Árborgar ehf. og voru vegna þess allar eignir Leigubústaða Árborgar ehf. seldar til Leigubústaða Árborgar

ses. í árslok 2013. Þessi sala gerir það að verkum að söluhagnaður upp á 113 millj.kr. myndast hjá Leigubústöðum Árborgar ehf árið 2013 sem skilar sér inn í samstæðureikning Sveitarfélagsins Árborgar. Allar skuldir Leigubústaða Árborgar ehf., 675 millj.kr., færðust til Leigubústaða Árborgar ses. og eru ekki lengur skuldir samstæðu sveitarfélagsins.

Uppgreiðsla lána vegna sölu á Björgunarmiðstöð Árborgar til Brunavarna Árnassýslu var 278,5 millj.kr.

Fjárfestingar

Fjárfestingar ársins námu alls 672 millj.kr. sem skiptast þannig: fasteignir og lóðir 334 millj.kr., veitu- og gatnakerfi 316,5 millj.kr. og vélar, áhöld og tæki 21,5 millj.kr

Efnahagsreikningur 31.12.2013

Samanteknar niðurstöður efnahagsreiknings birtast í töflunni hér að neðan :

Í þús.kr.	A-hluti		A- og B-hluti	
	2013	2012	2013	2012
Eignir				
Varanlegir rekstrarfjármunir	7.871.078	7.773.133	10.479.758	11.118.200
Áhættufjárm. og langt.kröfur	587.947	914.571	489.551	464.860
Veltufjármunir	1.352.820	1.418.554	940.757	1.066.052
Eignir samtals	9.811.845	10.106.258	11.910.065	12.649.111
Eigið fé og skuldir				
Eigið fé	1.908.301	1.947.003	3.513.293	3.220.404
Skuldbindingar	1.327.601	1.266.644	1.471.098	1.394.038
Langtímaskuldir	4.755.585	4.821.324	5.563.729	6.577.101
Skammtímaskuldir	1.820.359	2.071.287	1.361.945	1.457.568
Skuldir og skuldbindingar samtals	7.903.545	8.159.254	8.396.772	9.428.707
Eigið fé og skuldir samtals	9.811.846	10.106.257	11.910.065	12.649.110

Sjóðstreymi ársins 2013

Samanteknar niðurstöður birtast í töflunni hér að neðan :

Í þús.kr.	A-hluti		A- og B-hluti	
	2013	Áætlun	2013	Áætlun
Niðurstaða ársins	(38.702)	(229.480)	386.594	42.556
Veltufé frá rekstri	440.793	179.630	963.194	701.587
Handbært fé frá rekstri	475.529	319.630	960.311	840.392
Fjárfestingahreyfingar	40.543	(271.727)	344.681	(315.122)
Fjármögnunarhreyfingar	(588.196)	(200.239)	(1.400.006)	(699.174)
Hækkun,(lækkun) á handbæru fé	(72.124)	(152.336)	(95.014)	(173.904)

Lykiltölur

Samanteknar niðurstöður birtast í töflunni hér að neðan :

Í hlutfalli við rekstrartekjur :	Bæjarsjóður A-hluti		Samstæða A- og B-hluti	
	2013	Áætlun	2013	Áætlun
Laun og launatengd gjöld	55,1%	55,0%	47,4%	48,1%
Lífeyrisskuldbinding, breyting	0,4%	0,7%	0,4%	0,6%
Annar rekstrarkostnaður	34,8%	37,7%	32,2%	36,0%
Rekstramiðurstaða fyrir afskriftir	9,6%	6,6%	20,0%	15,3%
Afskriftir	4,7%	4,8%	5,9%	6,8%
Fjármagnsliðir	5,7%	6,5%	7,5%	7,5%
Reiknaðir skattar	0,0%	0,0%	0,6%	0,0%
Rekstramiðurstaða fyrir afskriftir	-0,8%	-4,6%	6,3%	0,7%
Hreint veltufé frá rekstri	8,7%	3,6%	15,8%	11,9%
Handbært fé frá rekstri	9,4%	6,4%	15,7%	14,2%
A íbúa, í þús.kr. :				
Skatttekjur	551	543	547	543
Aðrar tekjur	89	84	226	205
Laun og launatengd gjöld	-355	-349	-369	-364
Annar rekstrarkostnaður	-223	-236	-249	-269
Afskriftir	-30	-30	-46	-51
Fjármagnsliðir	-36	-41	-58	-56
Rekstramiðurstaða	-5	-29	51	8
Aðrar lykiltölur				
Veltufjárhlutfall	0,74	0,49	0,69	0,56
Eiginfjárhlutfall	19,4%	17,0%	29,5%	24,1%
Skuldahlutfall	156,5%	165,0%	137,6%	156,1%
Skuldahlutfall skv. reglugerð 502/2012	147,9%	156,0%	130,2%	148,5%
Ebitda	485.842	328.094	1.222.271	907.238

Framtíðarsýn

Sveitarfélagið Árborg er staðsett á besta stað í hjarta Suðurlands á spennandi tímum. Við búum í gósenlandi sem býr yfir miklum tækifærum ef okkur ber gæfa til að nýta þau íbúum landsins til heilla. Á kjörtímabilinu hefur góður vöxtur verið í þjónustuframboði verslana, veitingastaða og afþreyingar. Þetta er hvorki sjálfsagt eða sjálfgefið. Þessi bætta þjónusta styrkir sveitarfélagið jafnt sem búsetukost sem áfangastað. Vöxtur í ferðamannaiðnaði mun áfram verða mikilvægur í uppbygginu lífsgæða í sveitarfélaginu. Uppbygging á Sundhöll Selfoss, bættar samgöngur, göngu- og hjólastígar og kynning á sögu og náttúru munu styrkja þessa stöðu.

Framfarir í skólamálum eru eitt mikilvægasta mál sveitarfélaganna. Á kjörtímabilinu hafa verið stigin gæfuspor með uppbyggingu fræðsluviðs og stórauðni upplýsingaflæði í fræðslumálum. Ráðist hefur verið í uppbyggingu í tölvumálum og uppsetningu á þráðlausum netum í skólahúsnæði. Umtalsvert hefur verið fjárfest í tölvumálum á kjörtímabilinu eftir nokkra stöðnun á kjörtímabilinu á undan. Áfram þarf að vinna að nútímavæðingu skólamála á þeim góða grunni sem nú liggur fyrir í fræðslumálum.

Miklar breytingar hafa orðið í skipulagsmálum á kjörtímabilinu. Horfið hefur verið frá háreistri og þéttri íbúðabyggð í bæjargarðinum á Selfossi og í stað þess samþykkt manneskjulegt miðbæjarskipulag í sátt við íbúana. Gert er ráð fyrir vistgötu sunnan við Ráðhús Árborgar að Tryggvagarði. Horfið er frá þeirri fyrirætlan að færa íþróttasvæðið við Engjaveg í Eyðimörk við flugvallarsvæðið. Þessi í stað er nú unnið að því að styrkja uppbyggingu íþróttaiðkunar á miðsvæði og auka möguleika flugvallarins fyrir einka- og kennsluflug. Þá er verið að vinna nýtt deiliskipulag fyrir Austurvegin frá hringtorgi við Ölfusárbrú að hringtorginu við Flóahreppsmörk. Horft er til þess að Austurvegurinn verði breiðgata með hjóla- og göngustígum. Austurvegur verður glæsileg verslunar og þjónusta “boulevard” að evrópskri fyrirmynd. Unnið er að deiliskipulagi fyrir miðbæ Eyrarbakka þar sem unnið er með þá einstöku götumynd sem þar er að finna. Þá er unnið áfram að lagningu göngustígs milli Stokkseyrar og Eyrarbakka sem tengir þorpinn við ströndina. Loks mun nýr stígur verða lagður meðfram lagningu jarðstrengs milli Selfoss og Eyrarbakka í samvinnu við Landsnet. Allt mun þetta styrkja sveitarfélagið

til skamms tíma en skipta sköpum í uppbyggingu þess til langs tíma. Ekkert skiptir þróun byggðar jafn miklu máli og staðsetning og skipulag. Hér er því góður grunnur til heilbrigðar uppbyggingar til langrar framtíðar.

Sveitarfélagið Árborg inniheldur ólíka byggðakjarna sem allir hafa sína sérstöðu. Eyrarbakki og Stokkseyri eru heillandi sögulegir staðir sem nú hafa fengið tengingu við Leifsstöð með Suðurstrandarveginum. Þar eru mikil tækifæri í ferðamennsku á komandi árum. Dreifbýlið í Sandvíkurhreppi hinum forna býr í senn við kyrrð og nálægð við Selfoss. Selfoss er annar tveggja þéttbýlisstaða á Íslandi sem hefur þróast og vaxið án hafnar og er kominn á þroskaðan stað í þróunarferli bæja. Þjónustuúrvalið er að verða á borð við Reykjavík á mörgum sviðum og er betra en í sumum nágrannasveitarfélögum höfuðborgarinnar. Þessi þróun mun halda áfram. Menning vex af menningu eins og kartöflur af kartöflum sagði Guðbergur Bergsson eitt sinn. Þjónusta vex af þjónustu, verk af verki.

Búast má við því að ráðist verði í talsverðar virkjanaframkvæmdir á Suðurlandi á komandi árum. Virkjanaframkvæmdir munu þá eins og áður skila sér í auknum umsvifum beint og óbeint í Sveitarfélaginu Árborg. Margt bendir til þess að aukin ásókn sé í húsnæði í sveitarfélaginu bæði til eignar og til leigu. Hækkandi fasteignaverð og fasteignagjöld á höfuðborgarsvæðinu setja nú þrýsting á fjölskyldufólk að leita hagstæðari búsetukosta. Hér kemur Árborg sterk inn í dag, ekki síst þar sem bensínkostnaður hefur lækkað umtalsvert á föstu verðlagi og sá þröskuldur sem reis við gengislækkun krónunnar hefur gengið til baka. Þá skiptir miklu að fasteignagjöld hafa verið lækkuð umtalsvert á kjörtímabilinu enda setja þau strik í útreikninginn hjá heimilum ef þau eru óeðlilega há. Lækkun gatnagerðargjalda á kjörtímabilinu um 25% skiptir líka máli. Samkeppnisforskot Árborgar felst ekki síst í landrými, staðsetningu og hagstæðu húsnæði. Þetta eigum við að styrkja áfram og kynna eins og kostur er á.

Þessi mikilvægu mál hafa fengið stuðning bæjarfulltrúa úr öllum flokkum sem hafa unnið óeigingjarnt starf fyrir sveitarfélagið og íbúa. Ég vil nota tækifærið og þakka kjörnum fulltrúum, starfsmönnum og íbúum fyrir gott samstarf á kjörtímabilinu sem brátt er á enda. Næsta kjörtímabil byggir á góðum grunni og ef áfram er unnið á sömu forsendum mun okkur vel farnast.

Helgi S. Haraldsson, B-lista, Eyþór Arnalds, D-lista, Eggert Valur Guðmundsson, S-lista, Arna Ír Gunnarsdóttir, S-lista, og Kjartan Björnsson, D-lista, tóku til máls.

Lagt var til að ársreikningi yrði vísað til síðari umræðu miðvikudaginn 14. maí næstkomandi, var það samþykkt samhljóða.

IV. 1404381

Kosning í hverfisráð 2014 – formaður hverfisráðs Stokkseyrar

Lagt er til að Vigfús Helgason verði formaður hverfisráðs Stokkseyrar í stað Sigurborgar Ólafsdóttur.

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert. Fundargerðin lesin upp og fundi slitið kl.

Eyþór Arnalds

Sandra Dís Hafþórsdóttir

Ari Björn Thorarensen

Gunnar Egilsson

Kjartan Björnsson

Helgi Sigurður Haraldsson

Eggert Valur Guðmundsson

Arna Ír Gunnarsdóttir

Þórdís Eygló Sigurðardóttir

Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri

Rósa Sif Jónsdóttir, ritari